

Nd.

138. Frumvarp til laga

um lágmarksverð á sauðakjöti í innanlandssölu.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Til þess að tryggja framleiðendum viðunanlegt verð fyrir sauðakjöt á innlendum markaði, skal fyrir sláturstíð ár hvert ákveða lágmarksverð á kjöti í heildsölu og smásölu innanlands. Verðið sé mismunandi eftir gæðaflokkum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna kjötverðlagsnefnd til þess að ákveða lágmarksverð á kjöti og framkvæma að öðru leyti fyrir mæli laga þessara. Nefndin skal skipuð þannig, að Samband íslenskra samvinnufélaga nefnir einn mann í nefndina, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga í félagi annan manninn, Búnaðarsamband Vestfjarða þriðja, Verzlunarráð Íslands þann fjórða og Búnaðarfélag Íslands þann fimmta. Ef einhver þeirra, er samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hefir rétt til að tilnefna mann í kjötverðlagsnefnd, lætur það ógert, tilnefnir Búnaðarfélag Íslands mann í hans stað. Nefndin kys sér sjálf formann.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf; einnig getur hún valið sér trúnaðarmenn eftir þörfum.

Ráðherra ákveður þóknun til nefndarmannanna. Greiðist sú þóknun og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga úr verðjöfnunarsjóði.

3. gr.

Landinu skal skipt í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaða. Ákveður kjötverðlagsnefnd síðan lágmarksverð á hverju verðlagssvæði samkvæmt ákvæðum 1. greinar. Ekki má flytja kjöt né sláturfé milli verðlagssvæða nema með leyfi kjötverðlagsnefndar, og skal hún hafa á því athugun, að markaður offyllist ekki á neinum stað vegna aðflutnings frá öðrum verðlagssvæðum. Undanskildar eru snásendingar, sem ætlaðar eru aðeins til eigin neyzlu viðtakanda.

4. gr.

Kjötverðlagsnefnd skal skipta útflutningi kjöts milli kjöteigenda. Skal þar farið eftir markaðspörf kjöteigenda og aðstöðu þeirra til að nota hinn erlenda markað.

5. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald af kjöti alls sauðfjár, sem slátrað er til sölu, nema kjöti af mylkum ám. Verðjöfnunargjald má vera mishátt eftir verðlagssvæðum og gæðaflokkum. Hvergi má verðjöfnunargjaldið vera hærra en 10 aurar á kg. Verðjöfnunargjaldið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrunin fór fram.

6. gr.

Verðjöfnunargjaldið rennur í verðjöfnunarsjóð, og skal kjötverðlagsnefnd geyma hann á tryggum stað þann tíma, er hún hefir hann undir höndum. Verðjöfnunarsjóði skal varið til verðuppbótar á það kjöt, sem selzt hefir lægra verði en fengizt hefir hæst fyrir samskonar kjöt á útlendum eða innlendum markaði, eftir því sem við verður komið. Skal verðuppbót hagað svo, að kjöteigendur fái sem jafnast verð fyrir allt það kjöt, sem að uppruna er jafngóð markaðsvara og engar skemmdir koma fram í, er ætla má, að kjöteigendur eða umboðsmenn þeirra eigi sök á. Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal það fé endurgreitt kjöteigendum í sömu hlutföllum og þeir greiddu í sjóðinn, ef sá afgangur nemur meira en 10% af sjóðnum. Ella skal þessi afgangur geymast til næsta árs.

7. gr.

Ráðherra setur, eftir tillögum kjötverðlagsnefndar, reglugerð um framkvæmd þessara laga. Í reglugerðinni skal kveða á um innheimtu verðjöfnunargjaldsins, skýrslugjafir og slátrun og önnur framkvæmdaatriði.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 5000 kr.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 2 9. jan. 1935, og 2. gr. laga nr. 90 19. júní 1933.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur kjötsölulaganna var fyrst og fremst sá, að koma því til leiðar, að bændur fengju sem hæst verð fyrir sláturfjárafurðir sínar, og að minnsta kosti kostnaðarverð.

Þetta var hugsað að gera mætti með því:

1. að draga úr milliliðakostnaði, þannig, að minnka bilið milli þess, sem neytandinn borgar, og þess, sem framleiðandinn fær.
2. að greiða fyrir sölunni og sjá um, að framleiðendur fái sem jafnast verð eftir ástæðum.

Efndir á þessum atriðum hafa orðið þær, að fyrir 1. flokks dillakjöt, sem neytendur hér í Reykjavík borga fyrir kr. 1,80—2,00, fá bændur í sinn hlut kr. 0,80—0,90.

Síðara atriðið hefir verið framkvæmt þannig, að bændur viðsvegar um land hafa nálega verið sviptir rétti til að ráða yfir sláturfjárafurðum sínum, en sláturfjárafurðirnar má telja, að sé svo að segja allt það, sem fjöldi bænda hefir að selja frá búum sínum. Hefir þetta komið sérstaklega hart niður á þeim bændum, sem hafa litil bú og því litlar tekjur af þeim, og verða því að spara sem mest útgjöldin, m. a. með því að sjá sjálfir um slátrun fjár síns og um sölu sláturfjárafurðanna. Þessi spörun þeirra á milliliðakostnaði er óþétt auki við tekjur þeirra af búunum.

Tilgangi laganna mundi langbezt náð með því einu að koma á verðskráningu (lágmarksverði) á kjötinu á innlendum markaði, og koma að öðru leyti skipun á

söluna innanlands og utan, með því að skipta mörkuðum réttlátlega og hagkvæmlega milli kjöteigenda. Notaðu síðan verðjöfnunargjaldið til þess að miðla þeim, er að lakari markaðsstöðunum sætu, frá þeim, er sætu að betri mörkuðum.

Er frumvarp þetta sniðið þannig, að þessum tilgangi verði að fullu náð.

Út í það skal ekki farið í þessari greinargerð, hve geysileg mistök hafa orðið á framkvæmd laganna í ýmsum greinum. Er með frumvarpi þessu reynt að setja undir þann leka, með því að hafa lögin sem einföldust og sem ákveðnust í hverju atriði.